



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-
og dreifingaraðilar raforku

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

4. mars 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum (kyntar veitur), 574. mál.

Frumvarpið hvetur til notkunar innlends eldsneytis til kyntra hitaveitna, svo sem viðar, og fellir kyntar hitaveitur inn í sama fyrirkomulag opinbers stuðnings og nú gildir um nýjar hitaveitur.

Samorka styður að frumvarpið verði samþykkt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri